

Húnaþing vestra
Ólafur H. Stefánsson
Klapparstíg 4
530 Hvammstangi



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 16. janúar 2013
Tilvísun: UST20130100078/bs

Framkvæmdaleyfi fyrir námu í landi Skarðs í Húnaþingi vestra. Umsögn

Vísað er til bréfs Húnaþings vestra dags. 10. janúar sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um fyrirhugaða efnistöku Vegagerðarinnar í landi Skarðs. Sigríður Hjaltadóttir eftirlitsráðgjafi Umhverfisstofnunar skoðaði aðstæður á vettvangi þann 12. desember 2012 ásamt starfsmönnum Vegagerðarinnar. Eftirfarandi umsögn um námuna er úr skýrslu Sigríðar sem dagsett er 21. desember 2012: *Hægt er að taka efni þarna þannig að lítið beri á og hægt verður að skilja við á mjög snyrtilegan hátt með því að ýta ofanafýtingunni til hliðar ofan af berglaginu sunnan verðu og ýta því svo yfir berglagið þannig að ofanafýtingin myndi líkt og náttúrulega skriðu yfir bergstálið. Byrjað verður að vinna stálið til austurs, ekki skal fara nær fjallinu en edlilegt getur talist út frá landslagi. Svo verður unnið til norðurs. Mikilvægt verður að ganga snyrtilega um námusvæðið, hafa sem minnst af lageruðu efni á staðnum eftir að vinnulotu líkur.*

Lögð verði áhersla á að hlífa kletti næst veginum.

Umhverfisstofnun bendir á að samkvæmt 48. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd skal liggja fyrir áætlun námurétthafa um væntanlega efnistöku áður en leyfi er veitt til náms jarðefna.

Slík áætlun er ekki fyrir hendi í umsókn Vegagerðarinnar um framkvæmdaleyfi dags. 4.

janúar sl. þar sem segir einungis að frágangur námunnar verði í samráði við landeigendur.

Umhverfisstofnun telur því að Vegagerðin eigi að endurnýja umsókn um framkvæmdaleyfi


þar sem ofangreind lýsing á efnistöku og frágangi verði hluti nýrra umsóknar sem

sveitarstjórn getur vísað til þegar að útgáfu framkvæmdaleyfis kemur.


Stofnunin vill að lokum benda á að nauðsynlegt að að umrædd efnistaka verði í samræmi við aðalskipulag Húnaþings vestra.

Að öðru leyti gerir stofnunin ekki athugasemdir við fyrirhugaða efnistöku

Virðingarfyllst,


Ólafur A. Jónsson

Deilarstjóri


Björn Stefánsson

Afrit: Sigríður Hjaltadóttir, Guðmundur Heiðreksson Vegagerðinni Akureyri, Kristján Kristjánsson
Vegagerðinni Reykjavík